

Heilbrigðisráðuneyti
Skúlagötu 4
101 Reykjavík
Lagt fram á samráðsgátt

Reykjavík 11. ágúst 2026

Bls. | 1

Umsögn um mál S-132/2025, Drög að frumvarpi um nikótín- og tóbaksvarnir

Hinn 28. júlí 2026 birti heilbrigðisráðuneytið á samráðsgátt stjórnvalda mál S-145/2026, Drög að frumvarpi um nikótín- og tóbaksvarnir. Frumvarpsdrögin hafa verið tekin til skoðunar á vettvangi lausasöluhóps SVP – Samtaka verslunar og þjónustu og þykir ástæða til að koma eftirfarandi á framfæri.

Frumvarpsdrögin sem lögð eru fram svipar að verulegu leyti til draga sem lögð voru fram í júlí 2025, og leggja upp með að fella inn í ein heildarlög nikótínvörur, svo sem rafrettur og nikótínþúða, og tóbaksvörur, með það fyrir augum að draga úr notkun tóbaks- og nikótínvara, sérstaklega meðal ungmenna. Auk þess að sameina núgildandi ákvæði laga um tóbaksvarnir og nikótínvörur er í frumvarpinu lagt til að efla verulega varnir gegn tóbaks- og nikótínvörum.

Svo sem fram kom í umsögn um hið fyrra frumvarp getur Lausasöluhópur SVP tekið undir með stjórnvöldum að samræmd umgjörð utan um umræddar vörur kunni að stuðla að yfirlýstum markmiðum frumvarpsdraga.

Þótt aðgengi að tóbaki og öðrum nikótínvörum sæti nú þegar nokkrum hömlum, sem og hömlum sem eru að nokkru leyti lagðar á sýnileika, fást þessar vörur bæði víða og á öllum tímum.

Svo sem réttilega kemur fram í 3. gr. frumvarpsdraga er einnig til þriðji vöruflokkurinn sem inniheldur nikótín, þ.e.a.s. svokölluð nikótínlyf. Og kemur fram í fyrirnefndri 3. gr. að lyf þessi falla utan gildissviðs frumvarpsdraga, enda gilda um nikótínlyf lyfjalög nr. 100/2020.

Nikótínlyf skera sig frá tóbaki og öðrum nikótínvörum að því marki að tilgangur nikótínlyfja er ekki að veita neytanda nikótín til upptöku í líkamanum, heldur sá að draga úr nikótínnotkun. Nikótínlyf eru m.ö.o. ætluð til að gera einstaklingum kleift að vinna bug á nikótínfíkn, enda fylgir þessum lyfjum fylgiskjal með notkunarleiðbeiningum og er markmiðið að einstaklingurinn hætti að endingu að neyta vörunnar. Nikótínlyf má auglýsa, en aðeins að ströngum skilyrðum uppfylltum. Þau má hins vegar að meginstefnu aðeins selja í lyfjaverslunum. Aðeins minnstu pakkningar og minnstu styrkleika má selja utan lyfjaverslana þrátt fyrir að lyfin séu gagnreynd og að þau hafi sýnt gagnsemi sína í klínískum rannsóknum.

Lausasöluhópur SVP telur því að aflétta beri hömlum á sölu nikótínlyfja. Enda er það í samræmi við þau markmið sem stefnt er að með frumvarpsdrögum.

Af þeim sökum ítrekar lausasöluhópur SVP þá afstöðu sína að þegar stefnumótunarvinna er unnin í heilbrigðisráðuneytinu um forvarnir gegn nikótínnotkun er full ástæða til að endurskoða þær hömlur sem lagðar eru á sölu og aðgengi að þeim vörum sem hafa klínískt sannanleg


áhrif á nikótínfíkn, með því að draga úr notkun nikótíns, þar til að endingu einstaklingar hætta notkun.

Lausasöluhópur SVP beinir því til heilbrigðisráðuneytisins að nýta það tækifæri sem felst í að draga úr hömlum á aðgengi einstaklinga að nikótínlyfjum, og stuðla þannig að markmiðum um samdrátt í notkun tóbaks og nikótíns.

Bls. | 2

Virðingarfyllst,

f.h. Lausasöluhóps SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Brynjúlfur Guðmundsson

formaður